

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar, Hafnarstræti 98.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 19. júní 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að lóðin verður skilgreind undir verslunar- og þjónustustarfsemi á 1. hæð, en íbúðir á öðrum hæðum. Hámarksstærð byggingarinnar verður 1.948m². Suðurmörk lóðarinnar færast um 9 m til norðurs og skerðist lóðin sem því nemur. Nýr og breiður göngustígur myndast þess í stað. Lóðin verður eftir breytingu 353,6 m² og verður byggingarreitur lóðarinnar sömu stærðar. Hámarks nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 5,49.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F. h. Akureyrarkaupstaðar, 10. ágúst 2007,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. ágúst 2007